

Frjalsi.is



Yfirlýsing um sjálfbærniáhættu



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Tilgangur

Skjali þessu er ætlað að lýsa því hvernig Frjálsi lífeyrissjóðurinn (hér eftir „Frjálsi“) innleiðir áhættuþætti tengda sjálfbærni í fjárfestingarákvarðanaferli. Reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“) skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni (e. sustainability risk, hér eftir „sjálfbærniáhætta“) sem atburð eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

Greining á sjálfbærniáhættu

Greining á sjálfbærniáhættu er unnin samhliða mati á annarri fjárhagslegri áhættu og fer fram áður en fjárfestingarákvörðun er tekin. Aðferðin við mat á sjálfbærniáhættu er breytileg eftir því hvaða fjárfestingarkostur á í hlut, enda getur þýðing sjálfbærniáhættu, tímarammi og aðgangur að viðeigandi upplýsingum verið mismunandi á milli einstakra eignaflokka og tegunda fjárfestinga.

Greining rekstraraðila Frjálsa nær yfir hinar ýmsu birtingarmyndir sjálfbærniáhættu á einstaka fjárfestingar. Rekstraraðili Frjálsa hugar m.a. að áhrifum raunlægrar áhættu (e. physical risk), þ.e. áhættu sem stafar beint af loftslagsbreytingum, og umbreytingaráhættu (e. transition risk), þ.e. áhættu vegna breytinga á lögum, viðmiðum eða aðgerðum í tengslum við loftslagsbreytingar, á virði og/eða ávöxtun fjárfestingarkosta.

Rekstraraðili Frjálsa hefur aðgang að viðunandi upplýsingum til greiningar á sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferlinu. Upplýsingar eru, eftir atvikum, sóttar frá utanaðkomandi greiningarfyrirtækjum til fyllingar innra mati rekstraraðilans. Við mat á sjálfbærniáhættu stakra verðbréfa er framkvæmd greining á því hvernig sjálfbærniáhætta getur haft áhrif á sjóðinn. Greiningin byggir, eftir atvikum, á fyrirliggjandi upplýsingum um útgefandann, upplýsingum sem er aflað frá útgefanda og/eða upplýsingum frá utanaðkomandi greiningaraðilum. Við mat á sjálfbærniáhættu sjóða er metið hvernig viðkomandi sjóðsstýringarfyrirtæki horfir til sjálfbærniáhættu í fjárfestingum sínum fyrir hönd sjóðsins. Skorti nauðsynlegrar upplýsingar er kallað eftir viðeigandi upplýsingum frá sjóðsstýringarfyrirtækinu.

Samþætting sjálfbærniáhættu við töku fjárfestingarákvarðana

Á grundvelli framantalinnar greiningar framkvæmir rekstraraðili Frjálsa mat á því hvernig sjálfbærniáhætta getur komið til með að hafa áhrif á virði eða ávöxtun þeirrar fjárfestingar sem um ræðir hverju sinni. Mat á áhrifum sjálfbærniáhættu á virði eða ávöxtun fjárfestingar er loks borin saman við fjárfestingarmarkmið Frjálsa, áður en endanleg fjárfestingarákvörðun er tekin.

Sjálfbærniáhætta þarf ekki að koma í veg fyrir fjárfestingu. Viðeigandi ráðstafanir vegna óásættanlegrar sjálfbærniáhættu fjárfestingarkosts eru breytilegar eftir atvikum og eðli áhættunnar. Á meðal þeirra ráðstafana sem Frjálsi getur gripið til er að fjárfesta ekki í, minnka vægi vörunnar í eignasafni, eiga viðræður við útgefendur, veita útgefendum aðstoð við að lágmarka áhættu, beita virku eignarhaldi til að tryggja að gripið verði til tilhlýðilegra ráðstafana, o.fl.

Mat á sjálfbærniáhættu felst í huglægu mati og getur falið í sér notkun gagna frá þriðja aðila sem geta verið ófullnægjandi og/eða ónákvæm. Þó matið sé framkvæmt skv. bestu vitund á hverjum tíma er ekki hægt að tryggja að Frjálsi meti rétt áhrif sjálfbærniáhættu á fjárfestingar.